

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 15. desember 2021

Mál nr. E-6377/2020:

A

Pormóður Skorri Steingrímsson lögmaður

gegn

Verði tryggingum hf.

Magnús Hrafn Magnússon lögmaður

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð, b. nóvember sl., var höfðað með stefnu, birtri 22. september 2020, af stefnanda, A, [...], á hendur stefnda, Verði tryggingum hf., Borgartúni 25, Reykjavík.

Stefnandi gerir þær dómkröfur, að hið stefnda félag verði dæmt til að greiða stefnanda 2.653.232 krónur, með 4,5% ársvöxtum af 682.632 krónum, frá slysadegi b. nóvember 2018, til stöðugleikadags 2. febrúar 2019, en af 2.653.232 krónum frá 2. febrúar 2019 til 20. janúar 2020, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. greinar laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá 16. janúar 2020 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefnda að teknu tilliti til virðisaukaskatts og þá eins og mál þetta væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst aðallega sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi, en til vara er krafist lækkunar á dómkröfum og niðurfellingar málskostnaðar.

Geta ber um að málið var upphaflega einnig höfðað á hendur B, sem aldrei hefur látið málið til sín taka, en stefnandi hefur nú fallið frá þeirri málsókn.

Ágreiningsefni og málsatvik

Málið lýtur að bótauppgjöri vegna slyss sem stefnandi kveðst hafa orðið fyrir þann b. nóvember 2018 á bílastæði fyrir utan verslunina M að N í Reykjavík. Samkvæmt lýsingu stefnanda sat hann í kyrrstæðri bifreið sem bar skráningarnúmerið X fyrir utan M við N að morgni dags þann b. nóvember 2018 er ökumaður bifreiðarinnar Y, B, bakkaði á bifreiðina X. En bifreiðin Y, sem bakkað hafi verið á bifreið stefnanda, hafi við áreksturinn lent á vinstra afturhorni þeirrar bifreiðar sem

stefnandi hafi verið í umrætt sinn. Bifreiðin Y var, á slysdegi, tryggð lögboðinni ökutækjategyggingu hjá stefnda Verði. Um er að ræða Z bifreið árgerð 1999 en bifreiðin X var af gerðinni Þ árgerð 2013.

Stefnandi leitaði til heimilislæknis síns sama dag, b. nóvember 2018, og var við skoðun greindur með hálstögnun og tognun á lendhrygg. Stefnandi leitaði svo aftur á heilsugæsluna vegna afleiðinga umrædds slyss, eins og fram kemur í vottorði F læknis, dags. 12. desember 2019. Þann 10. apríl 2019 ritar síðan heimilislæknir stefnanda sjúkraþjálfunarbeiðni fyrir hann vegna afleiðinga slyssins.

Þann 26. september 2019 leitar stefnandi til H bæklunarlæknis, sem greinir stefnanda með varanlega áverka eftir slysið, en í niðurlagi vottorðs H segir: „A varð fyrir meiðslum í bílslysinu, þann b. 11. 2018. Hann hlaut tognun á brjósthrygg og lendhrygg, sem eru meiðsli ofan í eldri meiðsli, sem hann hlaut í bílslysi árið 2017. Hann hlaut einnig tognun á hnakkfestur og hægri axlarsvæði. Hefur kvartað um höfuðverk eftir síðara slysið og dofa í hendi við og við.“

Í fyrirbyggjandi ódagsettu vottorði E sjúkraþjálfara, segir m.a.:

„Greining: tognunaráverkar í hálsliðum, brjóstbaki og hægri axlarlið eftir aftanákeyrslu b. 11. 2018. Á erfitt með að sinna daglegum athöfnum vegna verkja.“ Og síðan: „Tjónþoli er enn þann dag í dag með verki daglega frá háls hrygg, höfði, hægri axlarsgrind og herðablaði. Verkir eru frá 4-5 VAS þegar hann er með besta móti og upp í 7-8 Vas þegar hann er slæmur.“

Vörður tryggingar hf. viðurkenndu bótaskyldu sína vegna umrædds slyss stefnanda með tölupósti til lögmanns stefnanda, dags 13. nóvember 2019, en þó með fyrirvara um orsakatengsl vegna fyrra heilsufars, eins og þar segir.

Í framhaldinu þann 27. nóvember 2019 var beðið um sérfræðimat á afleiðingum umferðarslyssins, samkvæmt 10. grein skaðabótalaga. Var stefnda þá tilkynnt um matsfund, en félagið hafi engar athugasemdir gert, eins og því sé þó tamt að gera, nær undantekningarlaust, þegar beðið sé einhliða um mat á líkamstjóni samkvæmt 10. gr. skaðabótalaga, sem félagið hafi margoft lýst yfir að sé í andstöðu við stefnu félagsins.

Þann c. desember 2019 hafi sérfróðir matsmenn, þeir D lögfræðingur og C læknir, skilað matsgerð og hafi afleiðingar slyssins verið metnar til 6 stiga miska og 5% varanlegrar örorku, en niðurstaða þeirra hafi verið sú að stefnandi hafi orðið fyrir vægum hálsþnykk og vægri tognun á hægri herð og öxl. Þann c. desember 2019 var stefnda svo sent kröfubréf á grunni matsgerðarinnar.

Lögmanni stefnanda barst því næst bréf frá stefnda, dags. 6. febrúar 2020, þar sem bótaskyldu var nú hafnað, en í því segir m.a.: „Félagið hafnar bótakröfunni, enda hefur félagið sterkan rökstuddan grun um að um sé að ræða váttryggingasvik sem eru refsiverð að lögum, sbr. 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.“ Var þá af hálfu

stefnanda haft samband við lögfræðing hjá stefnda og spurst frekar fyrir um málið og hann hafi þú upplýst um það að málið hefði verið kært til lögreglu.

Höfnunarbréfi Varðar trygginga hf. var síðan svarað bréflega, þann 27. febrúar 2020, af hálfu stefnanda, en í bréfinu segir meðal annars: „Við yfirferð gagnanna get ég ekki séð að um refsivert brot hafi verið að ræða og er þess krafist að fá ljósrit þeirrar kærú sem Vörður tryggingar hf. segist hafa sent til lögreglu. Það er einnig undarlegt að það hafi ekki verið athugað fyrir, þ.e. áður en bótaskylda var viðurkennd, að um refsivert brot kynni að hafa verið um að ræða og Lögmönnum Árbæ þá tilkynnt að slíkur grunur væri uppi, en verulegur kostnaður er af þeirri matsgerð, sem aflað hefur verið í málinu, sem þá hefði verið hægt að komast hjá. Það er því nauðsynlegt að undirritaður fái að vita sem fyrst, á hverju hinn sterki grunur um refsiverðan verknæð er byggður og hvenær grunsemdir hafi vaknað. Er þess krafist að svo verði gert.“

Þann [...]. febrúar 2020 kærði stefnandi afstöðu Varðar trygginga hf. til úrskurðarnefndar í váttryggingamálum. Í bréfi Varðar trygginga hf. til nefndarinnar tilkynnti félagið að málið hefði verið kært til lögreglu, þann 6. febrúar 2020, sem sé sami dagur og bótaskylda hafi verið hafnað af félaginu. Telji stefnandi því ljóst að grunur hins stefnda félags um refsiverða hegðun hans hafi vaknað mun fyrir, án þess að lögmanni stefnanda hafi verið tilkynnt það. Í bréfi Varðar trygginga til nefndarinnar frá [...]. mars 2020 sé þess einnig krafist að málinu verði vísað frá nefndinni.

Á þessum tíma hafði stefnandi verið yfirheyrður af lögreglu um málið, sem og B, sem bakkað hafi á bifreiðina sem stefnandi hafi verið í. Hafi lögmaður stefnda beðið um þessar skýrslur og fengið þær. Hafi skýrslurnar verið sendar úrskurðarnefnd í váttryggingamálum, þann [...]. mars 2020, ásamt frekari athugasemdum stefnanda um málalíbúnað Varðar trygginga hf. Var í bréfinu meðal annars vakin athygli á því að stefndi hafi að öllum líkindum snemma í ferli málsins haft grunsemdir um refsiverða hegðun stefnanda, án þess þó að tilkynna um þessar grunsemdir sínar til lögmanns stefnanda, enda hafi grunsemdir félagsins einnig virst beinast að lögmanninum og gerðir stefnda þannig, að það hafi alltaf ætlað sér að neita bótaskylda, en láta lögmanninn verða fyrir eins miklum kostnaði eins og kostur væri.

Þann [...]. apríl 2020 kvað úrskurðarnefnd í váttryggingamálum upp úrskurð, þar sem fallist var á bótaskylda úr ábyrgðartryggingu Y sem tryggður var hjá stefnda. Var stefnda þá þegar sent bréf og beðið um að gengið yrði til sátta í málinu. Þann [...]. apríl 2020 tilkynnti stefndi síðan að félagið myndi ekki fara eftir úrskurðinum. Lögmaður stefnanda hafi sent bréf til lögreglu og spurst fyrir um málið, en hafi þó ekki fengið skrifleg svör. Honum hafi þó verið tjáð að ekki yrði haldið áfram með málið. Ekkert hafi heyrst frá stefnda sem hafi einnig fengið fyrirspurnir um málið og ítrekun á þeirri beiðni að kærán til lögreglu yrði send til lögmanns stefnanda.

Stefnandi telji sig við svo búið ekki hafa önnur ráð en þau að stefna málinu fyrir dóm, þar sem afstaða stefnda sé sú að hafna úrskurði úrskurðarnefndar í váttryggingamálum.

Stefndi vekur sérstaka athygli á því að skömmu fyrir umrætt slys hafi stefnandi fengið greiddar bætur frá stefnda, Verði tryggingum hf., vegna annars umferðarslyss, dags. [...] júní 2017, fyrir milligöngu sama lögmanns og í þessu máli. Enn fremur að átta dögum fyrir slysið, eða þann [...] nóvember 2018, hafi stefnda borist beiðni frá Samgöngustofu um það að tryggja ökutækið Y lögboðinni ökutækjategyggingu. Ökumaður þeirrar bifreiðar á slysdegi, B, var skráður eigandi þess, en hann hafði ekki áður verið í viðskiptum við stefnda. Bifreiðin X hafi hins vegar verið tryggð hjá Sjóvá. Eigandi hennar var G sem var að sögn kærasta stefnanda á slysdegi. Athygli veki að báðar umræddar bifreiðar hafi verið keyptar innan við tveimur mánuðum fyrir slysið. Bifreiðin X var keypt þann [...] október 2018, sbr. tilkynningu um eigendaskipti. Tilkynning um eigendaskipti vegna bifreiðarinnar Y var hins vegar undirrituð [...] nóvember 2018, þ.e. 20 dögum fyrir slysið. Nýr eigandi Y samkvæmt þeirri tilkynningu var B, ökumaður bifreiðarinnar á tjónsdegi. Vottur á tilkynningu til Samgöngustofu er hins vegar stefnandi. Samtímagögn staðfesti því að ökumaður Y og stefnandi þekktust fyrir slysið. Það er einnig staðfest í lögregluskýrslu sem tekin var af stefnanda þann a. mars 2020 þar sem fram kemur að stefnandi og B ökumaður Y kynntust í [...], sbr. einnig lögregluskýrslu sem tekin var af B þann sama dag.

Önnur samtímagögn málsins beri það einnig með sér að B og stefnandi þekktust. B, stefnandi og þáverandi kærasta stefnanda fylgdu þannig öll hvort öðru á samfélagsmiðlum fyrir slysið, sbr. skjáskot sem lögð hafa verið fram.

Tjónstilkynning vegna málsins barst stefnda [...] desember 2018. Samkvæmt henni átti slysið sér stað kl. 9:30 að morgni. Engin vitni voru að atburðinum. Engar ljósmyndir hafi verið lagðar fram af slysstað. Samkvæmt sömu tilkynningu hafi tjón á bifreiðinni Y verið brotin ljós og brotinn stuðari ökumannsmegin. Engar ljósmyndir hafi verið lagðar fram er sýni skemmdir á Y. Tilkynnt hafi verið um tjón á X. Brotið ljós ökumannsmegin að aftan, brotinn stuðari og brotin rúða. Þá sé tilgreint að sími hafi brotnað án þess að skýrt sé frekar hvernig það á að hafa gerst. Þá er tiltekið í tilkynningu að slys hafi orðið á fólki án þess að það sé frekar skilgreint.

Í eintaki af tilkynningunni megi greina að hún hafi verið rituð með tveimur pennum en virðist þó að mati stefnda hafa verið rituð af sama aðila miðað við rithönd. Stefnandi staðfestir í skýrslutökum hjá lögreglu að tilkynningin hafi öll verið útfyllt af B, ökumanni Y, að kvöldi slysdagsins að heimili stefnanda í [...] í Reykjavík. Stefnandi kvaðst ekki muna samkvæmt lögregluskýrslu á hvaða stigi G, eigandi X, hafi ritað undir tilkynninguna. B lýsir því hins vegar svo í lögregluskýrslu að stefnandi hafi fyllt út tilkynninguna vegna bifreiðar X.

Afar takmarkaðar upplýsingar sé að finna um slysið í samtímagögnum málsins. Hvorki lögregla né Aðstoð og Öryggi ehf. hafi verið kölluð til. Ljósmyndir frá slystað hafi ekki verið lagðar fram. Af endursögn í framlagðri matsgerð sé því lýst svo að stefnandi hafi setið í kyrrstæðri bifreið sinni að morgni dags þann b. nóvember 2018 þegar bifreiðinni Y hafi að sögn verið bakkað á vinstra afturhorn bifreiðarinnar X. Í samskiptaseðli frá Heilsugæslu dags. [...]. janúar 2019, vegna ökumanns Y, þá lýsir sá ökumaður atvikinu þannig að hann hafi verið að bakka „þegar mottan fer yfir bensíndæluna svo hún festist inni“, sbr. einnig í lögregluskýrslu.

Stefndi vekur líka athygli á því að atvikið eigi að hafa átt sér stað fyrir utan verslunina M sem staðsett er við N. Ljósmyndir af bílastæðinu liggja fyrir. G, skráður eigandi X, hafi átt heima að [...], en B, ökumaður Y, hafi á slysdegi búið að [...] í Reykjavík.

Þá bendi stefndi á að ökumaður Y hafi svo farið með bifreiðina, Z árgerð 1999, til afskráningar og förgunar einungis sex dögum eftir slysið, þann 6. desember 2018, sbr. skilavottorð. Ekki séu því til ljósmyndir af bifreiðinni eftir slysið og ekki mögulegt fyrir stefnda að afla slíkra gagna. Lýsingar ökumanns sjálfs á ástandi bifreiðarinnar í kjölfar atviksins gefi ekki tilefni til að ætla að nauðsynlegt hafi verið að farga henni, en lýst hafi verið brotnu ljósi og brotnum stuðara. Stefnandi staðfestir einnig í skýrslutökum hjá lögreglu [...]. mars 2020 að báðar bifreiðarnar hafi verið ökuhæfar í kjölfar atviksins. Sama dag og ökumaður Y fór með hana til förgunar hafi hann undirritað umboð hjá lögmanni sínum. Þann sama dag hafi stefnandi einnig haft samband við stefnda varðandi skemmdir á bifreiðinni X f.h. kærustu sinnar að eigin sögn sem hafi verið eigandi bifreiðarinnar. Bifreiðin hafi í kjölfarið verið færð til viðgerðar hjá [...] ehf., sbr. kvittun vegna viðgerðarkostnaðar á henni.

Stefnda barst umboð vegna slyss ökumanns X þann a. mars 2019. Umboð stefnanda, dags. 21. janúar 2019, barst stefnda þann 18. september 2019. Bótaskylda var samþykkt með fyrirvara um orsakatengsl 13. nóvember 2019. Þann 16. desember 2019 barst stefnda bótakrafa ásamt matsgerð tveggja matsmanna vegna líkamstjóns B, ökumanns Y. En það hafi fyrst verið við lestur matsgerðar sem fylgdi kröfubréfi, dags. 16. desember 2019, að grunur hafi vaknað hjá stefnda um að ætlað atvik, dags. b. nóvember 2018, gæti hugsanlega falið í sér vátryggingasvik. Í kjölfar þess hafi stefndi kallað eftir frekari gögnum, til dæmis áður nefndum gögnum frá Samgöngustofu sem og skilavottorði bifreiðarinnar Y. Þau gögn sem stefndi hafi kallað eftir í kjölfar matsgerðar sem móttekin hafi verið þann 16. desember 2019 hafi staðfest að stefnandi og B, ökumaður Y, þekktust og einnig veitt aðrar mikilvægar upplýsingar um málsatvik sem ekki hafi legið fyrir áður.

Niðurstaða stefnda í kjölfar þeirrar gagnaöflunar hafi orðið sú að líkur væru á að atvik hafi ekki verið með þeim hætti er aðilar hefðu lýst heldur mögulegt að ökumenn

bifreiðanna ásamt eiganda X hafi staðið saman að tilraun til tryggingasvika hafi atvikið yfirhöfuð átt sér stað. Vegna þess var bótaskyldu hafnað með erindi þann 6. febrúar 2020, en þá þegar hafði stefndi kært alla hlutaðeigandi til lögreglu, sbr. kærudags. 3. febrúar 2020, en lögreglumálið hafi fengið númerið [...].

Stefndi telji ósannað að atvikið hafi átt sér stað, en teljist sannað að atvikinu hafi verið valdið af ásetningi í þeim tilgangi að sækja bætur hjá stefnda með sviksamlegum hætti, þá sé honum nauðugur sá kostur að taka til varna í máli þessu.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Dómkröfu sína á hendur hinu stefnda félagi reisi stefnandi á því að hann hafi orðið fyrir varanlegu líkamstjóni í umferðarslysinu, þann b. nóvember 2018, sem staðfest hafi verið með læknisvottorðum heimilislæknis, vottorði bæklunarlæknis, vottorði sjúkraþjálfara og loks vandaðri sérfræðimatsgerð, sem ekki hafi verið hnekkt.

Stefnandi byggir kröfu sína á ákvæðum 88. til 91. gr. þágildandi umferðarlaga vegna afleiðinga slyssins sem varð þann b. nóvember 2018, sbr. 97. grein laganna.

Stefnandi hafi, sama dag og hann hafi lent í umferðarslysinu, leitað til heimilislæknis og þá verið greindur með talsverða áverka eftir áreksturinn. Stefnandi hafi síðan aftur leitað til heimilislæknis vegna afleiðinga slyssins og verið sendur í sjúkraþjálfun. Síðan hafi stefnandi leitað til bæklunarlæknis sem hafi greint hann með varanlega áverka eftir slysið. Þá telji stefnandi sannað með sérfræðimati, sem ekki hafi verið hnekkt, að hann hafi orðið fyrir varanlegum líkamlegum áverkum í slysinu.

Varðandi orsakasamband þeirra áverka sem stefnandi byggir á að hann hafi fengið í slysinu þá sé hér vísað til greinar eftir þá Sigurð Arnalds hrl. og Ragnar Jónsson bæklunarlækni í afmælisriti Viðars Mús Matthíassonar, er beri heitið „Sönnun orsaka í líkamstjónamálum“, sbr. kafla 4.2.3 um eðli tjónsatburðar, en ljóst sé samkvæmt skoðun stefnanda af lækni, daginn sem slysið hafi orðið, að um hafi verið að ræða áverka eftir slysið. Fyrir liggir að stefnandi hafi fengið þann höggþunga á líkamann, sem nægi til að fá varanlega líkamlega áverka. Einnig sé vísað til kafla 4. 2. 4 í greininni um eðli einkenna og þróun þeirra, og sé þá vísað til þess að stefnandi hafi í nokkurn tíma verið í sjúkraþjálfun vegna afleiðinga slyssins. Þá sé vísað til kafla 4.2.5 um staðfestingu á áverkum vegna slyss þar sem rakið sé að tjónþoli þurfi helst að vera skoðaður af lækni sem fyrst eftir slysið. Það hafi verið svo í þessu máli og stöðug eftirfylgni hjá læknum og sjúkraþjálfara. Þá staðfesti sérfræðimatsgerð sem aflað hafi verið lögum samkvæmt það einnig að um sé að ræða varanlega áverka eftir slysið.

Þá byggir stefnandi einnig á því að úrskurðarnefnd í váttryggingamálum hafi úrskurðað að hið stefnda félag sé bótaskyldt vegna þess líkamstjóns sem stefnandi hafi orðið fyrir í slysinu og að stefnandi eigi rétt á bótum fyrir það líkamstjón sem hann hafi orðið fyrir í slysinu í samræmi við þá sérfræðimatsgerð sem stefnandi hafi aflað.

Stefnandi byggir þá einnig á því að [...]. nóvember 2019 hafi Vörður tryggingar hf. viðurkennt bótaskyldu sína vegna slyssins ef orsakasamband yrði sannað. Stefnandi hafi þá beðið um sérfræðimat á tjóni í samræmi við lög. Sérfræðimatsmenn hafi síðan tilkynnt hinu stefnda félagi um matsfund og engar athugasemdir hafi verið gerðar af hálfu félagsins við það. Þann c. desember 2019 hafi krafa síðan verið gerð á hendur Verði tryggingum hf. til greiðslu skaðabóta á grundvelli sérfræðimatsgerðarinnar.

Það hafi síðan ekki verið fyrr en í febrúar árið 2020 sem loks hafi borist bréf frá Verði tryggingum hf. um það að bótaskyldu væri hafnað á þeim grundvelli að málið hefði verið kært til lögreglu vegna gruns um refsivert athæfi. Byggt sé á því að sú síðbúna afstaða stefnda sé ekki í samræmi við 31. grein laga um váttryggingasamninga. Bótaskylda hafi þegar verið viðurkennd í nóvember 2019 og læknisfræðileg gögn séu til staðar sem staðfest hafi líkamstjón stefnanda vegna umferðarslyssins. Byggi stefnandi á því, að stefndi hafi um leið og grundsemdir félagsins hafi vaknað, sem hafi greinilega verið mun fyrr en í febrúar 2020, átt að tilkynna stefnanda um þessar grunsemdir sínar sem og lögmanni hans. Tilkynningin um höfnun bótaskyldu hafi því ekki verið í samræmi við efni 31. greinar laga nr. 30/2004 um váttryggingasamninga.

Stefnandi byggir dómkröfu sína einnig á því að fyrir liggja sérfræðimatsgerð sem ekki hafi verið hnekkt. Hæstiréttur Íslands hafi í a.m.k. þremur dómum dæmt á þá leið að hafi slíku mati ekki verið hnekkt með álitni örorkunefndar eða mati dómkvaddra matsmanna þá beri váttryggingafélagi að greiða bætur samkvæmt matsgerðinni, sbr. t.d. dóma réttarins í málum hans nr. 375/2010, nr. 542/2012 og nr. 319/2014, sbr. einnig dóm Héraðsdóms Reykjavíkur í máli nr. E-6/2015 frá 19. október 2015.

Stefnandi bendir á að með 9. gr. laga nr. 37/1999 þá hafi 10. gr. laganna verið breytt á þann veg að tjónþola væri heimilt að biðja einhliða um mat á afleiðingum slysa, en eftirfarandi segi í greinargerð með ofangreindri 9. grein: „Í því skyni að létta álagi af örorkunefnd er lagt til að 1. mgr. 10. gr. verði breytt þannig að horfði verið frá þeirri meginreglu að örorkunefnd sé matsaðili á fyrsta stigi. Aðalreglan verði sú að málsaðilar afli sjálfir sérfræðilegs álits um örorku- og/eða miskastig og þá læknisfræðilegu þætti sem meta þarf skv. 2. og 3. gr. laganna til þess að ljúka megi bótauppgjöri. Sérfræðilegt mat, sem annar málsaðila aflar, geti tjónþoli eða sá sem krafinn er bóta borið undir örorkunefnd. Með þessu breytist hlutverk örorkunefndar og verður hún fyrst og fremst matsaðili á síðari stigi.“

Háttsemi stefnda í þessu máli sé ekki í samræmi við lög. Vísist til 1. greinar laga um váttryggingastarfsemi þar sem kveðið sé á um að váttryggingafélög skuli hafa hagsmuni váttryggðs í heiðri varðandi mál sem þetta en þau starfi samkvæmt opinberu leyfi og beri því að starfa heiðarlega. Vísist og til reglugerðar nr. 673/2017 um eðlilega og heilbrigða viðskiptahætti váttryggingafélaga, svo sem til 8. töluliðar 4. gr. hennar,

þar sem kveðið sé á um, að váttryggingafélög megi ekki koma í veg fyrir eðlilega váttryggingavernd váttryggðs, en stefnandi telji að það hafi stefndi gert í þessu máli.

Höfnun stefnda og síðan afstaða þess í málinu sé fyrst og fremst byggð á óljósum getgátum um refsiverða háttsemi er ekki hafi verið sönnuð á nokkurn hátt og lögregla lýst því yfir við stefnanda, að vísu munnlega, að ekki yrði haldið áfram með málið.

Stefnandi byggi dómkröfur sínar á sérfræðimatsgerð C læknis og D lögfræðings frá c. desember 2019, sem aflað hafi verið samkvæmt lögum og hafi ekki verið hnekkkt. Sundurliðist dómkröfurnar þannig:

Miskabætur, 11.377.209x6 stig.....kr. 682.632

Varanleg örorka: 3.335.300x11,817x5%..... kr. 1.970.600

Samtals aðalkrafa kr. 2.653.232

Miskabætur séu byggðar á 4. gr. skaðabótalaga og reiknist m.v. lánskjaravísitölu desember 2019, sbr. 2. mgr. 15. gr. skaðabótalaga $4.000.000 \times 9324/3282 = 11.377.209$.

Bætur fyrir varanlega örorku séu byggðar á 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga, þ.e. á lágmarslaunum er færð séu upp samkvæmt lánskjaravísitölu til stöðugleikatímamarkpunkts en miðað sé við aldursstuðul stefnanda á stöðugleikadegi, $9122 \times 1.200.000 / 3282 = 3.335.300$, en aldursstuðull er þá 11,817.

Stefnandi krefjist dráttarvaxta á aðalkröfu sína frá 20. janúar 2020, en stefnandi hafi krafist hið stefna félag um greiðslu með kröfubréfi þann c. desember 2019. Vísu stefnandi því til grundvallar til 3. mgr. 5. gr. laga um vexti og verðtryggingu. Stefnandi áskilji sér og rétt til að krefjast álags á málskostnað eða refsímálskostnaðar samkvæmt 2. og 3. mgr. 131. gr. laga um meðferð einkamála.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi mótmæli öllum málsástæðum stefnanda og krefjist sýknu. Stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir þeim atvikum sem hann byggi bótarétt sinn á. Í því felist m.a. að stefnandi beri m.a. sönnunarbyrðina fyrir því að umrætt atvik hafi átt sér þannig stað. Engar ljósmyndir liggi fyrir af slysstað. Engar myndir séu til af bifreiðinni Y og tjón á bifreiðinni X falli ekki vel að atvikum er stefnandi lýsi í tjónatilkynningu. Ákoma á X sé mest á vinstra horni bifreiðarinnar, sbr. fyrirliggjandi ljósmyndir. Einu heimildirnar sem til séu um atvik málsins séu teikningar í tjónstilkynningunni. Sú teikning sem þar sé að finna af atvikum máls sýni mynd þar sem bifreiðin Y virðist leggja af stað hægra megin við X og bakki í boga á bifreiðina X. Á ljósmyndum í málinu megi sjá að ákoma á bifreiðina X sé mest á vinstra horni og á stuðara. Af teikningu og ferli megi ætla að hún hefði verið á miðjum afturstuðara en ekki yfir á vinstra afturbretti. Þá sé tjón á bifreið Y merkt inn á tilkynninguna en samkvæmt þeim merkingum sé það tjón eingöngu á vinstra horni bifreiðarinnar öikumannsmegin. Það sé einu heimildir í málgögnum um tjón bifreiðarinnar Y. Engar ljósmyndir séu til

af tjóninu. Ekki verði séð, miðað við þann feril sem teiknaður hafi verið inn á tilkynninguna, hvernig vinstra horn bifreiðarinnar Y hafi getað tjónað bifreiðina X með þeim hætti sem fyrirbyggjandi myndir gefi til kynna.

Stefndi byggir á því að stefnanda hafi ekki tekist að sanna, gegn andmælum stefnda, að atvikið hafi yfirhöfuð átt sér stað, þ.e. að bifreiðinni Y hafi yfirhöfuð verið ekið á bifreiðina X. Því sé mótmælt sem ósönnuðu og þar með mótmælt bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar Y. Stefnandi byggir á því að hann hafi slasast í slysinu og að munatjón hafi orðið. Af því leiðir að á honum hafi hvílt skylda samkvæmt 2. mgr. 10. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 til að tilkynna slysið til lögreglu eða til viðbragðsaðila en það hafi ekki verið gert. Bótaskylda stefnda úr lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar Y sé því ósönnuð. Í ljósi atvika þá sé nærtækara að stefnandi beri halla af því að engin gögn séu til um ákomu Y, m.a. þar sem bifreiðinni virðist svo hafa verið fargað að ósekju skömmu eftir slysið. Sama gildi um það að engin vitni séu að atburðinum og það að enginn þriðji aðili hafi verið kallaður til. Einkum eigi þetta við þar sem stefnanda hafi borið að lögum, samkvæmt 2. mgr. 10. gr. umferðarlaga, að kalla hér til lögreglu eða viðbragðsaðila.

Verði talið sannað að atvikið hafi átt sér stað á þann hátt er stefnandi lýsi þá byggir stefndi á því að B, ökumaður á Y, Z árgerð 1999, hafi viljandi bakkað á bifreiðina X að morgni dags b. nóvember 2018 og stefnandi, sem hafi setið í ökumannssæti bifreiðarinnar X, hafi vitað af þeim fyrirætlunum ökumannsins. Á því sé byggt að ökumaður Y og stefnandi hafi þannig undirbúið og skipulagt atvikið í þeim tilgangi að gera tilraun til þess að sækja bætur frá stefnda. Um sé að ræða tilraun til tryggingasvika í andstöðu við 248. gr., 155. gr. sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Stefnandi hafi kært stefnanda, B, sem og eiganda bifreiðarinnar X til lögreglu vegna þessa sbr. kæru dags. 3. febrúar 2020.

Bótakrafa stefnanda virðist byggja á lögboðinni ábyrgðartryggingu bifreiðarinnar Y, sbr. og 89. gr. þágildandi umferðarlaga sem og gildissvið tryggingaskilmála, sbr. 2. gr. þeirra. Um rétt stefnanda gildi því m.a. 26.-28. gr. laga nr. 30/2004. Stefnandi byggir á því að stefnandi hafi af ásetningi valdið því atviki sem bóta sé krafist vegna. Stefnandi hafi vitað að ökumaður Y hafi ætlað að bakka á X og hafi setið í bílstjórásæti hennar og beðið árekstursins. Í því felist, að mati stefnda, ásetningur til að valda váttryggingaratburði eða í öllu falli að honum sé valdið af stórfelldu gáleysi sem leiði til þess að hið stefnda félag beri ekki ábyrgð á tjóninu, sbr. 1. og 2. mgr. 27. gr. laga nr. 30/2004, sbr. og 90. gr. sömu laga. Að sama skapi hafi stefnandi ekki uppfyllt skyldu sína eftir 28. gr. sömu laga til að koma í veg fyrir váttryggingaratburð, sbr. og 14. gr. skilmála stefnda og fella megi því niður ábyrgð félagsins á þeim grunni.

Stefndi telji að málsatvik og gögn sanni á fullnægjandi hátt að árekstri ökutækjanna tveggja hafi hér verið valdið af ásetningi með vitund og vilja stefnanda. Í þeim efnunum sé m.a. vísað til eftirfarandi staðreynda sem varði sérstöðu þessa máls:

Engin vitni hafi verið að atvikinu sem eigi að hafa átt sér stað að morgni dags á föstudegi fyrir framan kjörbúð við N. Kjörbúðin hafi verið lokað á þeim tíma og sé hún fjarri heimilum beggja aðila. Skýringar stefnanda í fyrirbyggjandi lögregluskýrslu á þá leið að stefnandi hafi sótt B í [...] til þess að sækja bifreið hans þar skýri alls ekki atvikið en veki fremur upp fleiri spurningar.

Staðfest sé í gögnum að stefnandi og B, ökumaður á Y, þekktust fyrir atvikið, sbr. fyrirbyggjandi lögregluskýrslur, skjáskot af samfélagsmiðlum og vottorð.

Báðar bifreiðarnar hafi verið keyptar innan við tveimur mánuðum fyrir hið meinta atvik og bifreiðin Y var raunar keypt einungis 20 dögum fyrir hið meinta slys.

Bifreiðin Y hafi verið tryggð hjá stefnanda einungis átta dögum fyrir hið meinta atvik, en eigandi hennar hafði ekki áður verið í neinum viðskiptum hjá stefnda.

Stefnandi hafi vottað tilkynningu um eigendaskipti á bifreiðinni Y tuttugu dögum fyrir slysið en ekki hafi verið veittar skýringar á því hverju þetta hafi sætt.

Sami aðili hafi fyllt út slysatilkynningu til stefnda, sbr. m.a. lögregluskýrslu, þótt virðist sem reynt hafi verið að láta líta út fyrir að tveir hafi gert það með því að nota mismunandi litaða penna, sbr. og fullyrðingar B í lögregluskýrslu a. mars 2020.

Lýsing ökumanns Y á atvikum þess efnis að hann hafi verið að bakka „þegar mottan fer yfir bensíndæluna svo hún festist inni“ verði að teljast afar ótrúverðug.

Bifreiðin Y hafi verið flutt til förgunar einungis sex dögum eftir slysið þrátt fyrir að ekkert, sbr. m.a. lögregluskýrsla dags. a. mars 2020, hafi bent til þess að bifreiðin hafi verið ónýtt eða í óökuhæfu ástandi, enda tjónið smávægilegt miðað við lýsingar. En sama dag hafi ökumaður hennar undirritað umboð hjá lögmanni.

Báðir tjónþolar hafi nýtt þjónustu sama lögmanns í kjölfar slyssins. Framburður stefnanda þess efnis að hann og ökumaður Y hafi ekki ráðfært sig um til hvaða lögmanns þeir ættu að leita sé ótrúverðugur en stefnandi hafi áður nýtt þjónustu hans.

Aðstæður á vettvangi, sbr. ljósmyndir, séu þess eðlis að slysið, eins og því sé lýst, þ.e. að ökumaður bifreiðarinnar Y hafi bakkað á einu bifreiðina á bílastæðinu, sé með nokkrum ólíkindum. Ekki verði séð hvernig teiknuð afstöðumynd í tilkynningu geti passað við aðstæður á vettvangi, en um sé að ræða þröngt bílastæði. Ákoma á X sé á vinstri stuðara að aftan. Tjón á Y, sem samkvæmt tjónstilkynningu hafi verið bakkað í boga aftan á X, hafi verið á vinstra afturhorni Y. Við þær aðstæður sé tæpast unnt að ná að valda tjóni á vinstra afturhorni X. Skýra þurfi sérstaklega, m.t.t. mynda af bílastæðinu, hvernig slíkt sé yfirleitt mögulegt miðað við legu bílastæða á svæðinu, en það hafi ekki verið gert. Þeir ferlar sem teiknaðir hafi verið upp af atvikinu í

tjónstilkynningu stemmi ekki við lýsingar á tjóni bifreiðarinnar Y í sömu tilkynningu né heldur við tjón á X.

Aðilar hafi enga tilraun gert til að tryggja sönnun á atvikum, t.d. með því að leita til Aðstoðar og öryggis ehf. eða hringja á lögregluna, þrátt fyrir lagaskyldu til þess samkvæmt 2. mgr. 10. gr. þágildandi umferðarlaga. Þá virðast aðilar ekki hafa tekið myndir á farsíma á vettvangi sem þó teljast nú eðlileg viðbrögð undir sambærilegum kringumstæðum þegar atvik af þessu tagi gerast óvænt. Engar myndir séu því til staðar af ákomu á Y til að bera saman við skemmdir á X m.v. lýsingu í tjónstilkynningum. Sérstakt sé að engar ljósmyndir séu til af Y eða af slysstað.

Stefnandi hafi átti fyrirfram bókaðan tíma á heilsugæslu klukkan 14:00 á slysdegi. Samkvæmt framburði hans hjá lögreglu mundi hann ekki af hverju hann átti tímenn.

Stefnandi hafi nýlukið innheimtu bóta í kjölfar umferðarslyss og þekki því ferlið.

Af hálfu stefnda sé því haldið fram að allt ofangreint metið í heild sinni feli í sér nægjanlega sönnun þess að árekstrinum hafi verið valdið af ásetningi og þá með vitund og vilja þátttakenda, þar með talið stefnanda, verði það talið sannað að atvikið hafi yfirleitt átt sér stað. Í öllu falli feli allt ofangreint í sér að nægjanlegar líkur séu leiddar að því að um ásetningsatvik hafi verið að ræða til þess að það falli á stefnanda að sanna að svo sé ekki, sbr. einnig skyldu stefnanda til þess að kalla til lögreglu samkvæmt 2. mgr. 10. gr. þágildandi umferðarlaga í þeim tilgangi m.a. að tryggja sönnun atvika. Sýkna beri því stefnda á grundvelli ákvæða 27. og 28. gr. laga um váttryggingarsamninga en sama niðurstaða leiðir af almennum skilmálum stefnda.

Hér sé um einkamál að ræða og því séu þær kröfur sem lagðar séu á stefnda til sönnunar ekki þær sömu og ef um sakamál væri að ræða. Stefndi hafi kært atvikið til lögreglu en afdrif þeirrar kærðu hafi þó ekki úrslitaáhrif á mál þetta. Það mál hafi verið sent ákærusviði lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu en endanleg ákvörðun um afdrif þess liggja ekki fyrir. Af þeim sökum telji stefndi einboðið að máli þessu verði frestað af dómnum að eigin frumkvæði með vísan til 3. mgr. 102. gr. einkamálalaga.

Þá byggir stefndi á því sjálfstætt að stefnandi hafi vanrækt upplýsingaskyldu gagnvart stefnda með slíkum hætti að bótaréttur hans sé fallin niður með vísan til 20., 47., og 120. gr. laga um váttryggingarsamninga, sbr. 16. gr. almennra skilmála stefnda. Af gögnum málsins, m.a. lögregluskýrslu frá a. mars 2020, megi ráða að stefnandi hafi búið yfir upplýsingum sem hann hafi mátt vita að myndu hugsanlega hafa áhrif á afstöðu stefnda til bótaréttar hans. Til dæmis að hann hafi þekkt öikumann bifreiðar Y, hafi sótt hann og keyrt á vettvang, hafi vottað bifreiðakaup hans 20 dögum áður, o.fl., en hann kosið að upplýsa stefnda ekki um þær. Í því felist brot á ákvæðum um váttryggingarsamninga og skilmálum stefnda er leiði til niðurfellingar bótaskyldu.

Stefndi hafi ekki fyrirgert rétti sínum til niðurfellingar bóta vegna 31. gr. laga um váttryggingarsamninga. Stefnandi hafi sjálfur búið yfir upplýsingum er hann hafi vitað

eða mátt vita að gætu haft áhrif á bótaskyldu hans en hann samt ekki upplýst stefnda um þau atriði. Stefndi hafi því orðið að rannsaka málið betur og afla þeirra upplýsinga þegar tilefni varð til. Bæði stefndi og B, ökumaður Y, hafi nýtt sér þjónustu sama lögmanns vegna slyssins og unnið að uppgjöri þess samhliða. Matsgerð í máli B sé dagsett 10. desember 2019. Matsgerðin hafi verið send stefnda ásamt kröfubréfi 16. desember 2019. Um svipað leyti hafi stefnda borist matsgerð stefnanda, dags. c. desember 2019. Við lestur beggja matsgerða hafi stefndi í fyrsta sinn fengið upplýsingar er hafi gefið honum ástæðu til að líta betur á málið og kanna hvort tengingar væru á milli aðila þess. Af matsgerðunum hafi m.a. mátt lesa að báðir höfðu þeir starfað við járnabindingar á svipuðum tíma, báðir átt við fíkniefnavanda að stríða og báðir verið atvinnulausir þegar slysið hafi átt sér stað. Í kjölfar þess að stefnda hafi borist framangreindar matsgerðir þessara tveggja aðila í árslok 2019 hafi stefndi hafið vinnu við það að afla sér frekari gagna vegna málsins, en þar á meðal séu skilavottorð og tilkynning um eigendaskipti. Eftir að hafa litið yfir málin í heild með tilliti til þeirra upplýsinga sem þar hafi komið fram hafi verið tekin sú ákvörðun að kæra málið til lögreglu með kæru, dags. 3. febrúar 2020, og senda í kjölfarið synjunarbréf, dags. 6. febrúar 2020. Stefndi byggir á því að hann hafi tilkynnt um synjun innan ástæðulauss dráttar frá því að hann hafi fengið upplýsingar um atriði sem leitt hafi til niðurfellingar bótaskyldu, sbr. skilyrði 31. gr. laga nr. 30/2004.

Kröfu stefnanda um álag á málskostnað sé mótmælt auk þess sem stefndi telji rétt, eins og málum sé hér háttað, að dráttarvextir verði felldir niður eða þeir dæmdir frá dómsuppsögu, til vara. Stefndi byggir á því að í aðalkröfu hans felist einnig krafa um það að bætur til handa stefnanda verði lækkaðar verulega á grundvelli hinna sömu málsástæðna og krafa hans um sýknu byggir hér á.

Niðurstaða

Mál þetta hefur skýrst undir rekstri þess að því leyti til að enginn ágreiningur er nú hafður uppi af hálfu stefnda um mat á líkamstjóni stefnanda, sbr. fyrirleggjandi matsgerð C læknis og D lögfræðings, dags. c. desember 2019, sem þeir staðfestu fyrir dómi við aðalmeðferð. Afmarkast ágreiningurinn í málinu því alfarið við það að stefndi byggir sýknukröfu sína á því að atvik málsins séu með þeim hætti að ósannað verði að telja að tildrög meints slyss, b. nóvember 2018, hafi í raun verið með þeim hætti er stefnandi hefur lýst og byggir á, eða um hafi verið að ræða sviðsettan atburð er feli í sér tilraun til váttryggingasvika. Þessu neitar stefnandi alfarið en hann lét í té aðilaskýrslu fyrir dómi við aðalmeðferð.

Sem að framan er rakið afréð stefndi að kæra meint váttryggingasvik til lögreglu 3. febrúar 2020. Liggur nú fyrir að stefndi móttók loks bréf frá Lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu, dags. 25. janúar 2021, þar sem félaginu var tilkynnt um það að

lögreglurannsókninni væri hætt. Því vildi stefndi ekki una og skaut þeirri ákvörðun til ríkissaksóknara 1. mars 2021. Var ákvörðun lögreglustjóra um að fella rannsókn niður staðfest af embætti ríkissaksóknara í bréfi, dags. 17. maí 2021. Í bréfi ríkissaksóknara segir m.a. að tekið sé undir það að atvik í máli þessu séu með nokkrum ólíkindablæ og að grunsemdir kæranda, þ.e. stefnda væru réttmætar. Kærðu hafi hins vegar neitað sök og framburðir þeirra hafi ekki orðið til að undirbyggja sönnun gegn þeim um sakargiftir og málið þyki því ekki vera líklegt til sakfellis hlutaðeigandi. Telur stefndi að athugasemdir í framangreindu bréfi feli, þrátt fyrir niðurfellingu sakamálsins, í sér vísbendingar sem hafi þýðingu í einkamáli þar sem sönnunarstaðan sé allt önnur, en þá standi upp á stefnanda að færa sönnur á að atvik hafi verið þau er hann haldi fram.

Svo sem hér að framan greinir þá liggja fyrir í málinu ýmis gögn um heilsufar stefnanda sem virðast bera það með sér að stefnandi hafi að öllum líkindum orðið fyrir tilgreindum áverkum og líkamstjóni, þá í formi vægs hnykkáverka, um það leyti sem umræddur váttryggingaratburður á að hafa átt sér stað. Þetta eru einkum vottorð F læknis, frá 12.12.19, vottorð H bæklunarlæknis, dags. 26.09.19, þá ódagsett skýrsla E sjúkrahjálfa, auk framangreindrar matsgerðar C og D, sem stefnandi stóð að því að afla. Þessum gögnum hefur ekki verið hnekkst fyrir dómi og má af þeim ráða að stefnandi hafi hlotið vissar varanlegar líkamlegar afleiðingar af árekstri sem rakið er í matsgerð. Að mati dómsins verður því að líta svo á að framangreind gögn, þá einkum fyrirliggjandi matsgerð, dags. c. desember 2019, beri það nægilega ótvírætt með sér að stefnandi hafi orðið fyrir slíku líkamstjóni þann b. nóvember 2018 sem þar greinir.

Varðandi tjónsatvikið sem slíkt þá liggur fyrir tjónstilkynning um ætlaðan atburð frá stefnanda og tjónvaldi auk þess sem að öikumönnum ber í megindráttum saman um málsatvik og tildrög slyssins sem þeir hafa lýst fyrir lögreglu, sem og stefnandi sjálfur jafnframt í aðilaskýrslu hér fyrir dómi. Auk þess ræddi lögregla við eiganda þeirrar bifreiðar sem stefnandi var á í umrætt sinn, en aðrir eru ekki til frásagnar um atvikin.

Að öllu framangreindu virtu liggur því fyrir að fyrirliggjandi tjónstilkynning ber með sér að árekstur hafi átt sér stað b. nóvember 2018 þar sem stefnandi varð fyrir líkamstjóni í bifreið sem hann var í og sem tryggingataki hjá stefnda telst eiga alla sök á. Vissulega eru kringumstæður þessa atviks með nokkrum ólíkindablæ er rakið hefur verið og má þar helst nefna tengsl ökumanna, aðkomu þeirra að kaupum á bifreiðinni Y, förgun hennar skömmu eftir slysið og litla viðleitni þeirra til að tryggja sönnun um atvikið. Engu að síður eru grunsemdir í ljósi þeirra atvika eftir sem áður aðeins getgátur nema eitthvað frekar styðji við þær. En fyrir liggur, auk hér framangreindra gagna um líkamstjón stefnanda, að stefnandi hefur í megindráttum verið staðfastur í sínum framburði, sem og sá tjónvaldur er gekkst við því að hafa þannig valdið slysinu. En fyrir liggur að lögregla og ákærvald mátu það svo við rannsókn málsins að ekkert

í framburðum ökumanna né önnur sönnunargögn gæfu næga ástæðu til að undirbyggja sönnun gegn þeim um þær sakargiftir sem stefndi hafi þó haft réttmætan grun um.

Að öllu framangreindu virtu, þá einkum fyrirbyggjandi læknisfræðilegum gögnum sem og því að ekki hefur reynst unnt að færa sönnur á aðrar tilgátur sem stefndi hefur haft uppi í málinu um önnur tildrög málsins í ljósi atvika allra, þá telst bótaskylda úr ábyrgðartryggingu stefnda vegna óumdeilds líkamstjóns stefnanda vera fyrir hendi, en sem fyrr segir þá er ekki deilt um útreikning matsmanna á líkamstjóni og miska.

Með hliðsjón af öllu hér framangreindu þá verður að mati dómsins ekki talið að aðrar fram komnar röksemdir eða málsástæður hafi við svo búið sérstaka þýðingu í málinu eða geti leitt til annarrar niðurstöðu, sbr. e-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991.

Að öllu framangreindu virtu verður það því niðurstaða dómsins að fallast beri á dómkröfu stefnanda eins og hún liggur hér fyrir og þar á meðal kröfur hans um vexti.

Stefnandi nýtur gjafsóknar í málinu, sbr. gjafsóknarleyfi frá [...]. september 2020. Skal allur þar tilgreindur gjafsóknarkostnaður stefnanda greiðast úr ríkissjóði, en þar með talin er málflutningsþóknun lögmanns hans, Þormóðs Skorra Steingrímssonar, er telst vera hæfilega ákveðin, 1.215.200 krónur, þá að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Í ljósi framangreindra málalykta verður hinu stefnda tryggingafélagi enn fremur gert að greiða stefnanda 1.215.200 krónur í málskostnað sem rennur þá til ríkissjóðs.

Málið fluttu fyrir stefnanda Þormóður Skorri Steingrímsson lögmaður en Magnús Hrafn Magnússon lögmaður fyrir stefnda.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kvað upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndi, Vörður tryggingar hf., greiði stefnanda, A, 2.653.232 krónur, með 4,5% ársvöxtum af 682.632 krónum frá b. nóvember 2018 til 2. febrúar 2019, en af 2.653.232 krónum frá 2. febrúar 2019 til 20. janúar 2020, en með dráttarvöxtum, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 16. janúar 2020 til greiðsludags.

Allur tilgreindur gjafsóknarkostnaður stefnanda skal greiðast úr ríkissjóði, en þar með talin er málflutningsþóknun lögmanns hans, Þormóðs Skorra Steingrímssonar, sem ákvarðast alls 1.215.200 krónur og er það þá að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndi greiði stefnanda 1.215.200 krónur í málskostnað sem rennur til ríkissjóðs.

Pétur Dam Leifsson